



REGLUGERÐ

Um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna

1. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshökkíleik skulu mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með tíu mörkum (10 - 0). Mörk sigurliðs standa óbreytt ef þau eru fleiri en 10.

2. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni þá skal dæma félagið í fjársekt.

3. gr.

Við ítrekuð brot skal félagið dæmt í fjársektir og vísað frá keppni í allt að 6 mánuði eftir eðli málsins.

4. gr.

Kærufrestur er ein vika.

5. gr.

Verði félag uppvíst að því að nota leikmann innlendan og eða erlendan sem samkvæmt félagaskiptareglum þarf alþjóðlegt félagaskiptakort (Transfer card) frá IIHF án þess að leikheimild hafi verið gefin út á viðkomandi leikmann skal stjórn ÍHÍ sekta viðkomandi félag um 75.000 krónur.

Samþykkt á Íshökkíþingi, 11. maí 2019.